

Þverfaglegur rannsóknarleiðangur í veðurfari, sögu og mannvistfræði á Norðurlandi

Astrid E.J. Ogilvie

Efni erindisins verður í anda lífsstarfs Vilhjálms Stefánssonar og mun fjalla um könnun. Augum verður þó ekki beint til norðurhéraða Kanada og Alaska að hætti Vilhjálms, heldur til svæðis þar sem segja má að ferð hans hafi byrjað, þ. e. á norðanverðu Íslandi. Þó minnst sé á frásagnir ferðalanga er efnið ekki landkönnun í orðsins fyllstu merkingu heldur er um að ræða könnun á framlagi nokkurra fræðigreina, þar á meðal fornleifafræði, jarðvegsfræði og veðurfarsögu, við kortlagningu á umhverfis- og félagssögu svæðisins. Fjallað verður um upplýsingar úr sögulegum heimildum, sérstaklega ákveðnar dagbækur, en einnig óbirtar skýrslur íslenskra embættismanna, bréf sýslumanna og amtmanna, sem innihalda fjársjóð athugana varðandi umhverfi og efnahag. Áhersla verður einnig á breytileika í íslensku veðurfari og hafíssögu síðasta árþúsund en jafnframt umskipti í atvinnuháttum. Nýlegar rannsóknir benda til að mestu erfiðleikar sem fólk þurfti að glíma við hafi ekki átt sér stað á miðöldum, eins og stundum hefur verið haldið fram, heldur á átjándu öld. Þá dundu yfir þrautir á borð við farsóttir og ýmis áhrif Lakagígagossins, til viðbótar við óhagstæðar pólitískar og efnahagslegar aðstæður á þeim tíma. Þrátt fyrir alla þessa erfiðleika er þó ekki hægt að halda því fram að íbúar landsins hafi einvörðungu verið óvirkir þolendur hörmunga því þeir tóku til sinna ráða og unnu að ýmsum úrræðum til bjargar. Erindið nær til norðanverðs Íslands en áherslan í könnuninni er þó á Eyjafjarðarsýslu, þar sem faðir Vilhjálms er fæddur, og Mývatnssveit í Suður-Þingeyjarsýslu, sem er vettvangur þverfaglegs rannsóknarverkefnis sem Astrid Ogilvie er í forystu fyrir.